

Félagsheimilið Blönduósi

FUNDUR – 5. febrúar 2003

Stjórnarfundur haldinn 5. febrúar 2003.

Dagskrá:

1. Fjáröflunardagur.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna las upp bréf frá Skarphéðni varðandi hljóðkerfi og sýningartjald. Hugmynd kom upp um hvort væntanlegt hljóðkerfi nýttist til fleiri hluta en bíósýninga og ætlaði Albert að kanna það. Ákveðið var að bíða með styrktarsýninguna þangað til vitað er nánar með dagsetningar á tækjunum.
2. Önnur mál.

Borist hefur bréf vegna óska um lækkun á leigu á sal vegna þorablóts eldri borgara haldið af USAH, Kvenfélaginu Vöku, Björgunarsveitinni Blöndu, Leikfélagsins og Lionsklúbbsins. Ákveðið var að veita 50% afslátt af reikningnum.

Stefán spurði hver væri nettó hagnaður af komu Karlakórsins Geysis?
Stóðst kostnaðaráætlun vegna gamlárskvölds?
Hver var nettóhagnaður vegna þorablóts Kvenfélagsins Vöku?
Albert húsvörður var ekki með þessar tölur endanlegar, en allar þessar skemmtanir stóðu undir sér.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Albert Stefánsson

Kristín Guðjónsdóttir
Stefán Hafsteinsson